**Nd.** **206. Breytingartillaga** **[4. mál]**

við frv. til l. um heimild handa ríkisstjórninni til öflunar lánsfjár til smáíbúðabygginga.

Frá Einari Olgeirssyni.

Við 1. gr. Við 2. málsgr. bætist:

Ríkisstjórnin skal fela lánsstofnun, er hún semur við um stjórn, reikningshald og starfrækslu deildarinnar, að hafa með höndum útlán lánsfjárins, að fengnum tillögum sveitarstjórnar á þeim stað, þar sem húsin eru reist, og skal sú úthlutun fara fram samkvæmt reglugerð, er ríkisstjórnin setur í samræmi við lög um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, IV. kafla. Skal upphæð sú, er um getur í 1. málsgr., lánuð út að fullu á árinu 1953.